

Garðabær
Sólveig Helga Jóhannsdóttir,
skipulagsfræðingur
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆR

Garðabær, 23. ágúst 2018

2018060028/42-0

TB

tb

Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2018-2030, skipulagslysing

Vísað er til bréfs frá Garðabæ, dags. 14. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslysingu vegna breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2018-2030. Skipulagslysingen gerir ráð fyrir að unnið verði með aðalskipulagsbreytinguna sem rammahluta aðalskipulagsins. Breytingin nær til Vífilsstaðalands (Hnoðraholt, Vetrarmýri, Smalaholt, Rjúpnahæð, Vífilsstaðir og Vífilsstaðhraun).

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslysinguna og telur að í henni sé fjallað um þá þætti sem taka þarf nánar fyrir í væntanlegu skipulagi. Í skipulagslysungunni er gerð grein fyrir þeim svæðum sem eru friðlýst eða njóta verndar á annan hátt bæði hvað varðar náttúru- og menningarminjar. Á bls. 15 og 16 í lýsingunni er farið yfir þau viðfangsefni sem þarf að fjalla um og vísað í ýmis gögn.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi, sem viðmið, um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu/matsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáetlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáetlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Á því svæði sem hér um ræðir eru nokkur svæði þar sem þarf að huga sérstaklega að öllum



álagsþáttum og má þar t.d. nefna Vífilsstaðavatn og nærliggjandi votlendi.

Við frekari vinnslu á skipulaginu vill Náttúrufræðistofnun benda á nokkrar vefsloðir ef gögn sem þar er að finna geta eitthvað hjálpað við gerð skipulagsins, sjá t.d. vistgerðakort. Stofnunin leggur áherslu á að allar ákværðanir í skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Á þessu stigi málsins sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að gera fleiri athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Frekari upplýsingar:

61. gr. náttúruverndarlaga:

<http://www.ni.is/frettir/2018/07/naturufyrirbaeri-sem-njota-serstakrar-verndar-i-kortasja>

Fjölrít nr. 54 og 55: http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf ;

http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

Vistgerðir: <http://ni.is/grodur/vistgerdir> ; <http://vistgerdakort.ni.is/>

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

